

3.4. 1996

Allsherjarnefnd Alþingis  
- Sólveig Pétursdóttir, formaður  
Alþingi  
150 Reykjavík


Alþingi  
Erindi nr. B 120/1323  
komudagur: 9.14.1996

**Efni: umsögn um frumvarp til upplýsingalaga**

Stjórn Hagþenkis- félags höfunda fræðiritra og kennslugagna fagnar framkomnu frumvarpi til upplýsingalaga og því hvernig þar er leitast við að auðvelda og skýra hvers konar lagaákvæði skulu skuli gilda um þær upplýsingar sem fjallað er um í frumvarpinu. Stjórnin þakkar fyrir tækifæri til að skila umsögn um frumvarpið og vill koma á framfæri eftirfarandi tillögum og athugasemdum við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

- 1) Við 8. gr. bætist ákvæði í þeim tilgangi að auðvelda rannsóknir og störf fræðimanna. Það gæti verið á þessa leið og orðið síðasta málsgrein lagagreinarinnar: „Þegar upplýsinga af þessu tagi er leitað í fræðilegum tilgangi og rök eru fyrir aðgangi að þeim er úrskurðarnefnd heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessum og setja jafnframt skilyrði um notkun upplýsinganna.“
- 2) Lagt er til að fleiri en einn aðili skipi menn í úrskurðarnefnd um upplýsingamál, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Háskóli Íslands gæti fengið rétt til að tilnefna tvo fulltrúa til setu í nefndinni, t.d. sagnfræðistofnun og siðfræðistofnun, en þeir yrðu síðan skipaðir af forsætisráðherra. Ekki virðist ástæða til að krefjast þess að fleiri en einn nefndarmanna uppfylli starfsgengisskilyrði héraðsdómara.
- 3) Hæpið virðist að loka fyrir hlutaðeigandi persónu aðgangi að upplýsingum sem undanþegnar eru skv. 4. gr. eins og gert er í 9. gr. frumvarpsins.
- 4) Gagnlegt gæti verið að skilgreina í lögnum hvað felst í hugtakinu „einkamálefni einstaklinga,“ sbr. 8. gr.
- 5) Leiðréttta þarf í 16. gr. það sem sagt er um jöfn atkvæði í 3ja manna nefnd. Ennfremur er setning sem virðist villandi í greinargerð um 20. gr. þar sem sagt er að safnið taki „ákvörðun um hvort aðgangur verður veittur að gögnunum.“ Hér mun átt við frumgögn.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Hagþenkis

  
Hörður Bergmann, framkvæmdastjóri